

## Hringrás Kolefnis

*Hringrásirnar eru mislangar, hringum getur lokað á einum degi og alveg upp í 100 milljón ár.*

- 1.) Stundum tekur hringrás kolefnis mjög stuttan tíma. Til dæmis byggplanta sem vex á akri bindur hverjum degi kolefnisfrumeindir úr andrúmsloftinu við ljóstillífunina sína. „*Um leið brennir plantan hluta af þeim glúkósa sem hún hefur frmaleitt til þess að fá orku hún andar.*“ Þá losnar smá hluti kolefnisins út í andrúmsloftið á sama degi og það var bundið í ljóstillífuninni. Plantan gefur frá sér koltvíoxíð á nóttunni. Planta ljóstillífar ekki á meðan plöntufrumurnar anda. Kolefnið fer fram og til baka á einum sólarhring.
- 2.) Kolefnisfrumeindir geta bundist við litla greniplöntur í andrúmsloftinu. Plantan vex síðan í stórt tré sem er fellt niður þegar það er orðið full vaxið. Tréð er síðan notað í marka hluti og stundum er það sagað niður í eldivið og brennt í arni. Við það berast kolefnisfrumeindirnar aftur út í andrúmsloftið.
- 3.) Annað dæmi um hringrás getur verið þegar bóndi sker niður byggplöntur og geymir það í kornhlöðu og þar kemur mús og borðar fræið. Síðan þegar músinn brennir fæðuna og andar geta kolefnisfrumeindir aftur borist í andrúmsloftið í formi koltvíoxíð.